

L Ö G

um breyting á lögum nr. 40 frá 29. maí 1957, um leigubifreiðar
í kaupstöðum og kaптúnunum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. málslíð 2. mgr. 1. gr. laganna komi:

Ráðuneytinu er heimilt að fengnum tillögum hlutaðeigandi vörubifreiðastjórafélags, sem hefur tvö eða fleiri sveitarfélög að félagssvæði, að takmarka fjölda leigubifreiða til vöruflutninga innan félagssvæðisins, enda komi til meðmæli þeirra sýslunefnda og bæjarstjórna, sem félagssvæðið fellur undir. Eigi er heimilt að takmarka sérstaklega fjölda leigubifreiða til vöruflutninga í kaupstöðum og kaптúnunum með 700 íbúa eða fleiri, ef vörubifreiðastjórar á þessum stöðum eru félagar í vörubifreiðastjórafélagi, sem hefur tvö sveitarfélög eða fleiri að félagssvæði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra og meginmál laga nr. 29 14. maí 1958 inn í lög nr. 40 frá 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kaптúnunum, og gefa þau út með fyrir-sögninni: Lög um leigubifreiðar.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

18. maí 1965.

Nr. 53.

L Ö G

um heimild til hækkunar kvóta hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 11,25 milljónum dollara í 15 milljónir dollara.

Seðlabanki Íslands skal leggja fram það fé, sem þarf vegna hækkunar kvótans, sbr. 22. gr. laga nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.